Leiðbeiningar með hleðslustöðvaprófara KEW8602.

Skýringar.



Fig.4-1

(1)	Tengipunktar fyrir mælingu.	Tengipunktar fyrir mælitæki (**N**, **PE**, **L1**, **L2** og **L3**).
(2)	Fasa gaumljós.	Fasa gaumljós fyrir **L1**, **L2** og **L3** til að sýna hvort spenna sé á útgangi.
(3)	**CP** merkjaútgangur.	Tengipunktar fyrir mælingu (**CP**/**PE**) til að mæla **CP** merki með sveiflusjá.
(4)	**Touch pad**/**Pre-Test** og viðvörunarljós.	Spennuprófun á jarðleiðara (**PE**). Viðvörunarljós sýnir **Pre-Test** niðurstöðu.
(5)	**PP** valrofi.	**PP** (**Proximity Pilot**) **STATE**: Líkir eftir viðnámi mismunandi kapla miðað við straumtöku. Valrofi stillanlegur á OPEN, 13A, 20A, 32A eða 63A.
(6)	**CP** valrofi.	**CP** (**Control Pilot**) **STATE**: Líkir eftir samskiptum bíls og stöðvar. Valrofi stillanlegur á **A**, **B**, **C** eða **D**. **A**: Ekkert tengt. **B**: Tengt. **C**: Tilbúinn í hleðslu án viftu. **D**: Tilbúinn í hleðslu með viftu.
(7)	**CP ERROR "E"** hnappur.	**CP** (**Control Pilot**) **ERROR "E"**: Líkir eftir skammhlaupi til jarðar (**PE**) til að staðfesta að stöðin stöðvi hleðslu.
(8)	**PE ERROR** hnappur.	**PE** (**Earth fault**) **ERROR**: Líkir eftir rofi á jarðleiðara (**PE**) til að staðfesta að stöðin stöðvi hleðslu.
(9)	EVSE kló.	**TYPE 2** kló til að tengja við hvort sem er stöð eða fastan kapal.
(10)	Schuko útgangur.	Tengistaður fyrir schuko mælisnúru. Gott til mælinga á einfasa stöðvum.
(11)	Lok á öryggja hólfi.	Lok á öryggjahólfi. T10A/250V, 5x20mm.

REYKJAFELL

Prófanir.



Fig.5-1

KEW 8602 hleðslustöðvaprófarinn talar við hleðslustöðina líkt og bíll í hleðslu. Tengill á hleðslustöð er spennulaus þar til viðkomandi tæki biður um tengingu og þar af leiðandi er ekki hægt að mæla hleðslustöðvar með hefðbundnum úttektarmæli.

Mælt er með að byrja á því að gera eftirfarandi prófanir á hleðslustöðinni áður en úttektarmælir er tengdur.

Pre-Test.

Eftir að prófarinn er tengdur við stöðina á alltaf að spennuprófa jöðina **PE**. Það er gert með því að leggja bert hold á málm hnúðinn á prófaranum (**TOUCH PAD**). Viðvörunarljós kviknar ef spenna á jörð **PE** er yfir hættumörkum eða ef jörð er ekki tengd. Ekki má framkvæma aðrar mælingar fyrr en ástæða viðvörunar hefur verið löguð.
ATH! passaðu að þú sért jarðtengd/ur við þessa prófun svo hún sé marktæk.

CP (Control Pilot) STATE.

CP valrofinn er notaður til að líkja eftir ökutæki í hleðslu og meta hegðun hleðslustöðvarinnar.

1. Stillið **CP** valrofann á **A** og tengið prófarann við hleðslustöðina.
2. Stillið **CP** valrofann á **B** (hér gæti þurft Rfid til að opna fyrir hleðslu og/eða borgun).
3. Stillið **CP** valrofann á **C** (car charging) eða **D** (car charging with ventilation) ef allt er eðlilegt eiga að loga gaumljós við þá fasa sem eru tengdir ef kerfið er með núllun.
   Ef hleðslustöðin fer ekki í hleðsluham prófið að færa valrofann aftur á **A** og bíða í nokkrar mínútur áður en **C** eða **D** er valinn aftur.
   Líkt er eftir hleðslubeiðni ökutækis með mismunandi viðnámi milli **CP** og **PE** leiðara (sjá töflu 1 bls.10 í notendaleiðbeiningum).

PP (Proximity Pilot) STATE.

PP valrofinn stillir mismunandi straumgildi til að líkja eftir straumþoli mismunandi hleðslukapla og prófa þannig hegðun hleðslustöðvar. Prófarinn notar mismunandi viðnám milli **PP** og **PE** til að líkja eftir mismunandi kapalstæðum (sjá töflu 2 bls.11 í notendaleiðbeiningum).

CP (Control Pilot) ERROR.

CP ERROR hnappurinn líkir eftir skammhlaupi milli **CP** og **PE** leiðara.

1. Stilltu **CP** valrofa á **C** eða **D** til að líkja eftir bíl í hleðslu.
2. Stilltu **PP** valrofa á allt nema **OPEN**.
3. Ýttu á **CP ERROR** hnappinn til að staðfesta það að hleðslustöðin stöðvi hleðsluferlið og hindri frekari hleðslu.

PE (Earth fault) ERROR.

PE ERROR hnappurinn líkir eftir rofi á **PE** leiðara.

1. Stilltu **CP** valrofa á **C** eða **D** til að líkja eftir bíl í hleðslu.
2. Stilltu **PP** valrofa á allt nema **OPEN**.
3. Ýttu á **PE ERROR** hnappinn til að staðfesta það að hleðslustöðin stöðvi hleðsluferlið og hindri frekari hleðslu.

Mælingar með úttektarmæli.



Fig.5-7

Spennumæling/VOLTS

Til að mæla spennu þarf að tengja snúrurnar úr mælitækinu í prófarann og stilla **CP** valrofan á **C** eða **D** til að hleypa spennu á tengilinn frá hleðslustöðinni.

Viðnám/CONTINUITY

Til að mæla viðnám jarðleiðara þarf að tengja snúru frá **L1** á mælitæki í **PE** á prófara og **PE** í mælitæki í jarðskinnu í töfluskáp. Stilla þarf **CP** valrofann á **B** til að opna fyrir tengingu.

Einangrun/INSULATION

Til að mæla einangrun þarf að tengja **PE** á mælitæki í **PE** á prófara og **L1** á mælitæki í **L** útgang sem á að mæla.
Stilla þarf **CP** valrofann á **B** til að opna fyrir tengingu. **Passa þarf að lögnin sé spennulaus!**
ATH! Hleðslustöðvar hafa að geyma viðkvæman búnað og því er ekki mælt með hærri mælingu en 250V.
Best er að vera búinn að mæla streng á 500V áður en stöð er sett upp.

Hringrásarviðnám/LOOP

Til að hringrásarmæla þarf að tengja **L**, **PE** og **N** á mælitæki við sömu útganga á prófara. Stilla mælitæki á **LOOP ATT** og velja **L-PE 3W EV** með **F1** og **Normal** eða **Low I** með **F3**. Stilla **CP** valrofann á **C** eða **D** til að hleypa spennu á tengilinn frá hleðslustöðinni. Endurtaka þarf mælinguna fyrir hvern fasa.

Lekaliðaprófun/RCD

Við Lekaliðaprófun þarf að tengja **L**, **PE** og **N** á mælitæki við sömu útganga á prófara. Stilla mælitæki á **RCD**, velja tegund prófunar með **F1**, velja leka með **F2** og velja tegund liða með **F3**. Stilla **CP** valrofann á **C** eða **D** til að hleypa spennu á tengilinn frá hleðslustöðinni.
ATH! Hleðslustöðvar verða að vera með annað hvort B týpu lekaliða eða A týpu lekaliða og aðskilda 6mA DC vörn.
Fyrir spennuhækkun skal velja **Uc** með **F1** (virkar ekki á **TYPE EV** stillingu **F3**).